

87 að, að ekki hafi verið löglegt, hafi verið í Leiðarhöfn, og úrskurðast því, að 12. ágústnefndur Þórður Gíslason skuli teljast sveitlægur í Vopnafjarðarhreppi.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps.

88 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Þóru Benediktsdóttur frá Belgsá í Fnjóskadal«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af 9. júlí dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 9. júlí 1918. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð Þóru Benediktsdóttur frá Belgsá í Fnjóskadal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þóru Benediktsdóttur frá Belgsá og heitir:

»Styrktarsjóður Þóru Benediktsdóttur«.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1. jan. 1918 kr. 456.00 — fjögur hundruð fimtíu og sex krónur —, sem ávalt skal ávaxtast á vel tryggum stað, en þess þó jafnframt gætt, að hagnýta sem hæsta vexti, er bjóðast á hverjum tíma.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum íbúum Hálshrepps hjálp, er veikindí ber að höndum, og má í því skyni árlega verja $\frac{2}{3}$ hlutum vaxtanna. En minst $\frac{1}{3}$ hluti þeirra leggist árlega við höfuðstólinn, uns hann er orðinn 1000 krónur. Má eftir það útþýta öllum vöxtunum, ef sjerstök ástæða er fyrir hendi. Þykir eigi ástæða til að úthluta nokkru af vöxtunum eitthvert árið, leggjast þeir allir við höfuðstólinn. Hann má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn styrktarsjóðsins hafa á hendi hreppstjóri og oddviti Hálshrepps ásamt sóknarpresti. Ráðstafar stjórnin ávöxtun sjóðsins, og útþýtir styrk til um-

sækjenda, er miðast við, hve brýn þörfin álist á hverjum stað. Kys stjórnin einn **88**
úr sínum flokki til að annast fjárreiður og reikningagerð sjóðsins. 9. júlí

5. gr.

Stjórn styrktarsjóðsins skal hafa gerðabók, er skipulagsskrá þessi sje rituð í, sem og allar ráðstafanir snertandi styrktarsjóðinn, bæði um ávöxtun fjárins, úthlutun styrks til sjúklinga o. fl. Ársreikningar sjóðsins fyrir hvert almanaksár skulu einnig færðir þar, og lagðir fyrir endurskoðun ásamt sveitarsjóðsreikningi Hálshepps

Við undirrituð höfum samið skipulagsskrá þessa sem næst yfirlýstum vilja fyrnefndrar fósturdóttur okkar, Þóru Benediktsdóttur, skömmu fyrir andlát hennar.

Belgsá í Fnjóskadal, 10. mars 1918.

Indriði Árnason. Guðrún Guðmundsdóttir.

Reglugjörð

um stimpilmerki.

89

13. ágúst

Samkvæmt löguin 12. ágúst 1918, um stimpilgjald, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um stimpilmerki:

1. gr.

Fjármáladeild stjórnarráðsins sjer um, að gerð verði sem fyrst og til sjeu jafnan nægar birgðir af stimpilmerkjum, er gilda 5 aura, 10 aura, 25 aura, 50 aura, 1 krónu, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur, 50 krónur, 100 krónur, 500 krónur og 1000 krónur, og ákveður gerð þeirra og útlit. Skulu þau jafnan vera til sölu hjá fjármáladeild stjórnarráðsins og öllum lögreglustjórum landsins.

2. gr.

Bankar, útibú þeirra, sparisjóðir og aðrar lánsstofnanir skulu fá stimpilmerki hjá lögreglustjóra í þeim kaupstað eða í þeirri sýslu, þar sem stofnunin rekur atvinnu sína, og á hver slik stofnun kröfu á að fá svo mikið af merkjum